

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

19. desember 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur aðalmanna í stjórn.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi

1.	<b>Fundur settur</b>	Fundargerð frá 6.12.2022 var búið að samþykka í tölvupóstum af öllum sem sátu þann fund. Tekin fyrir fundargerð auka-aðalfundar frá 8.12. 2022, en einungis aðalmenn í stjórn samþykka þá fundargerð. Gerðar smá orðalags-breytingar um fyrirkomulag kosningarinnar, sem breyttist á fundinum, að öðru leyti samþykkt.	U Á	Friðrik Stjórn
2.	<b>Fagfélagsskírteini</b>	Fagdeildarfélögum hefur fram að þessu verið sendur límmiði með ártali sem líma má á plastskírteinið þeirra, en ekki þótt sérlega smekkleig útfærsla. Nú er fagdeildin fallin niður í þeirri mynd sem hún var en enn þarf að vísa til fagmenntunar félagsmanna með einhverjum hætti, skírteinið og skjöldurinn halda áfram að gera það, en hvernig höldum við áfram? Rætt um tilboð sem hefur borist frá Vörumerkingu í ný plastskírteini og lítur hagstætt út. Skírteinin verða send þeim sem fengu miðana senda áður. Samþykkt að prenta ný skírteini en athuga betur með kostnað vegna heimsendingar.	U Á	Snorri Ragnh.
3.	<b>Staða fjármála</b>	VÁ er með punktstöðuna frá 1.11.2022 og er ekki annað að sjá en að fjármálin séu á réttu róli. Fá ársyfirlit frá bókkara í byrjun janúar. Gera þarf upp umsýslugjald frá Sjúkrasjóði og Endurmenntunarsjóði fyrir áramótin og er það í ferli.	U	Valva Stjórn
4.	<b>Ráðninga-samningur við formann</b>	Gera þarf formlegan ráðningasamning við formann LS, sem þiggur 25% af launum fyrrv. framkv.stj. félagsins. Þar við bætast launatengd gjöld og orlof, auk bifreiðastyrks. VÁ gjaldkeri félagsins er að setja þetta upp. Þegar samningur er tilbúinn þarf stjórn að fjalla um hann og samþykka formlega, líkt og ráðningasamning starfsmanns.	U	Valva
5.	<b>Erindi frá félagsmanni</b>	Borist hefur skriflegt bréf frá félagsmanni, en aðeins til hluta stjórnarmanna, en þar kemur fram gagnrýni á suma stjórnarmenn og starfsmann. Einnig er þar rakið gamalt mál félagsmannsins frá árinu 2019 er varðar afgreiðslu umsóknar viðkomandi hjá Sjúkrasjóði sem dráttur varð á, en enginn í núverandi stjórn átti neina aðkomu þar að. Hefur FR núverandi formaður fyrir hönd félagsins fyrir löngu beðið viðkomandi afsökunar á þeim tögum sem urðu á afgreiðslu sjúkramáls félagsmannsins, en því lauk á endanum farsælega.  Er bréfið tekið til umræðu, en ekki er fullkomlega ljóst í hvað skyni það er sent eða hvaða viðbragða er vænst af hendi sendanda. Auk þess á margt sem þar er fullyrt sér enga stoð. Tekur formaður að sér að svara erindinu.	U Á	Friðrik Stjórn Friðrik
6.	<b>Kjarasamningamál</b>	Nú liggur fyrir að vart verður samið hjá okkur fyrr en eftir áramót þegar öll stóru félögin hafa tekið samningalotu. Stóru línurnar eru að skýrast eftir samning Starfsgreina-sambandsins og VR, en Efling er eftir. Viðbúið að flestir geri	U	Snorri

		skammtímasamning til eins árs, að launahækkningar verði á bilinu 5,7 – 6,75 % og afturvirkir frá 1.11.2022. Viðræðunefnd Leiðsagnar hefur unnið mikla og góða heimavinnu til undirbúnings viðræðna, en ekki er víst að sérkröfur Leiðsagnar verði uppi á borðinu í fyrstu samningalotu, það á eftir að koma í ljós.		
7.	<b>Aukið starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu</b>	Kl. 18:10 vikur LB af fundi vegna næsta fundarliðar er varðar starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu.  Borist hefur formlegt erindi frá Ragnheiði Ármannsdóttur, starfsmanni Leiðsagnar, um hækkun starfshlutfalls úr 75% í 100% frá og með áramótum. Kemur fram í erindi hennar að umfang starfsins hafi aukist mjög og að skv. yfirliti sem hún hefur tekið saman um unna yfirvinnutíma sjáist að hún vinni iðulega meira en núverandi starfshlutfall geri ráð fyrir. Rætt um að ef fallist verður á aukið starfshlutfall þurfi jafnfamt að auka viðveru og opnunartíma. Mikil vinna hefur hvílt á starfsmanni og formanni Kjaranefndar vegna útreikninga kjaramála, en bæði SSS og RÁ sinna því. Samþykkt að fá Ragnheiði á fund stjórnar í byrjun næsta árs til að ræða praktísk mál, vinnuramma og útfærslu aukins starfshlutfalls, ef af verður. Einnig þarf að skoða vel hvort fjárhagur félagsins leyfir það.	U  Á	Friðrik Stjórn
8.	<b>Önnur mál</b>	a) Tilkynnt að frá og með nýju ári fái stjórn Endurmenntunarsjóðs greitt fyrir fundarsetur til samræmis við stjórn Sjúkrasjóðs.  b) Sagt frá þróun máls Jakobs. S. Jónssonar hjá Endurmenntunarsjóði vegna faghandbókar sem hann stendur ekki skil á.	U  U	

### Fundi slitið 18:33

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari